

---

# VATNSNESVEGUR UM VESTURHÓPShÓLAÁ, HÚNAÞINGI VESTRA

## Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 31. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um nýja brú yfir Vesturhópshólaá og breytingu á 700 m kafla á Vatnsnesvegi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnaþings vestra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmdir við Vatnsnesveg (711) við Vesturhópshólaá. Vegagerðin, Akureyri, 31. mars 2021.

Önnur gögn:

- Afstöðumynd brúar
- Fornleifaskráning
- Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. mars 2021
- Umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 4. mars 2021
- Yfirlitsmynd framkvæmdasvæðis
- Yfirlitsmynd brúar

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húnaþingi vestra dags. 12. apríl 2021.
- Fiskistofu dags. 26. apríl 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 9. apríl 2021.

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann z. apríl 2021.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð kemur fram að Vegagerðin undirbúi byggingu nýrrar brúar á Vatnsnesvegi (711) yfir Vesturhópshólaá og færslu á Vatnsnesvegi á um 700 m kafla í tengslum við brúargerðina. Einnig verði 1,5 km kafla af Vatnsnesvegi breikkaður og styrktur til suðurs frá ánni og lagður bundnu slitlagi, samtals verði framkvæmt á um 2,2 km vegarkafli. Byggð verður 17 m löng brú 20-24 m sunnan núverandi brúar. Núverandi brú er einbreið og í lélegu ástandi. Þar sem brúin færast breytist veglína lítillega beggja megin brúar þó aðallega að austanverðu. Vegurinn færast mest um 44 m til suðurs frá núverandi veglínu. Vegurinn verður 6,5 m breiður og lagður bundnu slitlagi á framkvæmdakaflanum. Brúin mun ekki þrengja farveg Vesturhópshólaá en lagfæra þarf hann lítillega undir brúnni.



Fram kemur að að núverandi brú og vegur að henni verði fjarlægð að framkvæmdum loknum nema ósk landeigenda eða sveitarfélags sé sú að taka yfir umsjón brúarinnar til annarra nota. Núverandi vegur verður jafnaður út að einhverju leyti og hefur eigandi Sigríðarstaða falast eftir að efni úr honum verði að hluta til keyrt í afleggjara að Sigríðarstöðum sem er niðurgrafinn og oft blautur.

#### **Staðhættir**

Fram kemur í greinargerð að breytt veglína muni liggja um mólendi og í jaðri þess svæðis sem þegar er raskað vegna núverandi vegar. Núverandi vegur sem verður styrktur og breikkaður lítillaga liggur að stórum hluta yfir votlendi. Votlendið er þegar raskað með núverandi vegi og mun breikkun hafa hverfandi áhrif á það.

#### **Efnistaka**

Í greinargerð kemur fram að efni verði tekið úr Þorfinnsstaðanámu. Efni hefur áður verið tekið úr námunni og er hún á skipulagi. Gert er ráð fyrir að taka 35.000 m<sup>3</sup> úr námunni í skeringar og fyllingar. Áætlað efnistökusvæði er til suðurs og austurs frá því svæði sem þegar hefur verið tekið úr. Um 5000 m<sup>3</sup> í burðarlag, malarklæðingu og klæðingu verður tekið úr námunni Tagl við Bjarghús.

## **4 UMHVERFISÁHRIF**

#### **Vatnafar**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að ný brú þrengi farveg lítillaga en virkur farvegur er aðeins í djúpum ál við vesturbakka árinna. Gerð verði grjótvörn við brúarstólpa og malareyri sem er núna í brúarstæði verður fjarlægð. Farvegur undir brú vikkar og verður grynri þessum stað. Vatnsop undir brúna á ekki að hafa áhrif á rennsli árinna og ekki hafa á neinn hátt hindrandi áhrif á fisk eða auka efnisflutninga með árvatni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar sem fylgdi gögnum Vegagerðarinnar var bent á að bleikja hrygni í ánni. Mikilvægt væri að jarðvegur og aur berist ekki í ána við framkvæmdir og gengið verði þannig frá framkvæmdasvæðinu að ekki sé hætt á að aur berist í ána. Við lækkingu á áreyri undir fyrirhugaðri brú og færslu hennar frá staðsetningu vestari landstöpuls, sé þess gætt að rask verði eins lítið og mögulegt er. Mikilvægt sé að við hönnun brúarinnar og frágang sé þess gætt að brúin og rofvörnin þrengi ekki þannig að ánni og farvegi hennar, að hætt sé á að mannvirkið muni geta hamlað eðlilegum efnisflutningum árinna. Almennt er mikilvægt við þverun vatnsfalla að rjúfa ekki samfellu vatnsfallsins eins og það var á viðkomandi svæði fyrir framkvæmdir. Einnig að straumhraði aukist ekki að ráði um mannvirkið, frá því sem áður var. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um framkvæmdina og sé gætt að þeim þáttum sem hér greinir, er ekki ástæða til að ætla að þær hafi mikil áhrif á lífríki Hólaár, önnur en staðbundin og tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur. Mikilvægt er að raski á botni árinna eða bökkum verði haldið í algjöru lágmarki.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að farið verður eftir ábendingum Hafrannsóknarstofnunar um vinnu við ána.

#### **Verndarsvæði**

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin er innan svæðis á svæði á náttúruminjaskrá, 404. Björg og Borgarvirki. Í náttúruminjaskrá segir um svæðið: Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.

#### **Meningarminjar**

Í greinargerð kemur fram að búið sé að skrá minjar á svæðinu. Einu minjarnar sem fundust sé Hólmarétt á bökkum Vesturhópshólaá, um 15 m norðan við núverandi veg. Veglína og brú færast 29-38 metrum fjær réttinni.



Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að núverandi vegur liggja yfir syðsta hluta réttarinnar sem sé annars öll norðan vegarins í um 45m fjarlægð frá miðlínu nýs vegstæðis. Þessar minjar ættu því ekki að verða fyrir frekari raski vegna nýrrar brúar og breikkunar vegar sem muni liggja sunnan við núverandi veg.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar breytingar á Vatnsnesvegi eru í samræmi við Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnaþings vestra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna starfsemi á efnistökusvæði og vinnubúða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá þarf að afla leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivatn skv. lögum um lax- og silungsveiði.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða nýja brú yfir Vesturhópshólaá og breytingu á 700 m kafla á Vatnsnesvegi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Brúarsmíðin og vegagerðin eru lítil að umfangi. Tilfærsla vegarins er um 44 m þar sem hún er mest og nýr vegur verður lagður á um 700 m kafla. En þess utan verður breikkaður og lagfærður vegur á um 1,5 km kafla sunnan árinna. Efni verður tekið úr opnum námum sem eru afmarkaðar á aðalskipulagi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, m.a. með tilliti til votlendissvæða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og rakið var að framan er framkvæmdin lítil að umfangi og felst í hliðrun vegar þar sem hún fer skammt út fyrir núverandi vegsvæði. Tilfærslan felur í sér færslu frá gamalli rétt sem eru einu minjarnar á svæðinu. Svæðið er á náttúruminjaskrá en framkvæmdin kemur ekki til með að rýra gildi svæðisins eins og því er lýst. Þar verður eftir sem áður „fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.“ Hluti núverandi vegar er á votlendissvæði en framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á votlendi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í tímabundnu raski við Vesturhópshólaá. Skipulagsstofnun telur mjög brýnt að fylgt verði þeim ábendingum sem Hafrannsóknastofnun lagði fram í umsögn sinni. Þá er jafnframt brýnt að í verklok verði gengið frá svæðinu þannig að ummerki mannvirkjagerðar hverfi hið fyrsta. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

Reykjavík, 30. apríl 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson